

# Verkefni með

# KAERA, DAGBÓK



# 2



- Verkefni við nemendabókina
- Ábendingar til kennara

# Verkefni og ábendingar – Efnisyfirlit

Til kennarans .....	3
1. Fjölskyldan flytur .....	4
2. Í Faxaskóla .....	9
3. Í höfuðborginni .....	17
4. Sumarið er komið .....	25
5. Í Borgarfirði .....	31
6. Á Snæfellsnesi .....	38
7. Á leið til Vestfjarða .....	44
8. Á Hrafnseyri .....	50
9. Á Ísafirði .....	56
10. Á Akureyri .....	62
11. Við Mývatn .....	70
12. Í Ásbyrgi .....	78
13. Á Egilstöðum .....	84
14. Á Hornafirði .....	90
15. Á Suðurlandi .....	97
16. Komin heim til Reykjavíkur .....	102

Fagleg ráðgjöf og ábendingar við gerð verkefna: Ragnheiður V. Sigtryggsdóttir.

# Til kennarans

Í *Kæra dagbók 2* ferðast sögupersónurnar um Ísland og kynnst landi og þjóð. Íslenskunámið tekur að nokkru leyti mið af þessum bakgrunni þótt nú sem fyrr sé markmið námsefnisins fyrst og fremst að kenna byrjendum íslensku. Verkefnin sem hér er að finna í pdf-formi eru mikilvægur hluti námsefnisins. Um er að ræða 5–8 verkefnablöð með hverjum hinna 16 kafla nemendabókarinnar. Umfjöllun um helstu atriði sem kennarinn þarf að hafa í huga er á yfirlitsblaði fyrir framan hvern kafla. Þau skiptast í sex reiti. Nauðsynlegt er að sá sem kennir námsefnið *Kæra dagbók 2* kynni sér vel uppbyggingu efnisins, markmið þess og ábendingar um leiðir sem hægt væri að fara, svo og ábendingar um annað námsefni sem gæti nýst samhliða efninu. Það hefur gefist vel að byrja á að prenta allt ítarefnið og geyma í sérstakri möppu en ljósrita síðan og fjölfalda eftir hendinni ef nemendur eru fleiri en einn.

## Markmið og áherslupættir

Markmið hvers kafla eru tilgreind en aukinn orðaforði og skilningur eru þar lyklatríði, aukin tilfinning fyrir uppbyggingu málsins og sérkennum og leikni í að beita málinu munnlega og í rituðu máli.

Áherslupættir benda m.a. á mikilvægi þess að æfa samtöl í tengslum við efni hvers kafla. Í texta eru sýnishorn sem unnt er að nota sem fyrirmyndir og þjálf þannig munnlega tjáningu og festa nýjan orðaforða í sessi.

## Verkefni í pdf-formi og gagnvirkt efni

Tilgreind eru verkefnin sem velja má úr með hverjum kafla, annars vegar fasta liði eins og glósulablað og verkefni með myndum úr hverjum og hins vegar breytileg verkefni eins og krossgátur, stafavíxl, rímverkefni o.fl.

Gagnvirkt efni og pdf-efni á vef Námsgagnastofnunar vísa til fjölbreytilegs efnis sem gæti hentað samhliða *Kæra dagbók 2*. Mörg bókalasu verkefnin, leikir, spil o.fl. sem fylgdu fyrra heftinu af *Kæra dagbók* eiga einnig vel við í kennslu þessarar bókar. Þau henta vel sem 10–15 mínútna innlegg í bekkjum þar sem einn eða fáir nemendur í íslensku eru og geta hjálpað nýja nemandanum að kynnst bekkjarfélögunum og þeim að kynnst honum. Vefi eins og *Kortavefsjána* má nota með öllu efninu þótt hún sé ekki tilgreind með hverri opnu. Hið sama er að segja um vefinn *Æfum íslensku*.

## Aðferð – efni – gögn

Söguaðferðin nýtist ekki síður með þessu hefti en fyrri bókinni. Á vefslóð sem vísað er til má finna margar gagnlegar ábendingar um hvernig nýta má þessa frjóu kennsluáðferð og á það við um alla 16 kafla bókarinnar þótt ekki sé bent á hana alls staðar. Auk þess er bent á nokkrar leiðir til þess að gera námið áhugaverðara og skemmtilegra og er þá gjarnan um að ræða hópverkefni sem stundum tengjast upprunalandi nemandans eða samanburði.

## Annað námsefni

Vísað er til ýmissa námsgagna sem geta nýst sem viðbótarnámsefni eða sem heimaverkefni. Hér er að sjálfsögðu ekki um tæmandi lista að ræða. Einkum má nefna eftirtalið efni: *Íslenska nýja málið mitt 1 og 2*, flokkurinn *Lærum gott mál*, *Sagnorðaspilið* og bækurnar *Úti um mela og móa*, *Lífið fyrr og nú*, *Ísland – landið okkar* og *Kortabókin*. Æskilegt væri að hafa þessar bækur alltaf tiltækar fyrir nemendur, t.d. í litlum bókakassa.

## Tákn

Eins og í fyrri bókinni eru notuð sérstök tákn sem kynna þarf fyrir nemandanum áður en þau leysa verkefnin.



Verkefnið er leyst með því að skrifa svarið.



Krossað við rétt svar.



Atriði sem á að skoða sérstaklega.



Atriði er tengjast beygingum orða og gott er leggja á minnið.



Æfingar þar sem tveir nemendur lesa upphátt til skiptis.